

072/15 - Jón Hákon BA 60

Jón Hákon BA 60, sekkur á Vestfjarðamiðum og banaslys

Jón Hákon BA 60

Skipaskr.nr.: 1955

Smíðaður: Hafnarfjörður 1988 stál

Stærð: 26,66 brl; 27,00 bt

Lengd: 15,64 m **Breidd:** 4,82 m **Dýpt:** 1,90 m

Vél: Mitsubishi 179,00 kW **Árgerð:** 2002

Annað:

Földi skipverja: 4



Jón Hákon©Hilmar Snorrason

Atvikalýsing

Þann 7. júlí 2015 var Jón Hákon BA á dragnótarveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: N 6-7 m/s, ölduhæð 1-1,5 m.

Skipverjar voru búnir að taka inn veiðarfærin og voru að undirbúa siglingu til hafnar þegar báturinn lagðist á hliðina og hvolfdi með þeim afleiðingum að einn maður fórst.

Síðasta merki úr ferilskráningakerfi bátsins hjá Vaktstöð siglinga kom kl. 07:19 á stað 66°24'633N og 023°21'099V sem er u.þ.b. sex sjómíllur út af Rit. Eftir að báturinn hvarf úr vöktunarkerfinu var óskað eftir að nærstaddir bátar athuguðu með hann og það var Mardís ÍS 400 sem kom að Jóni Hákonni marrandi á hvolfi og þrjár skipverjar við hann.

Fljótlega eftir að mönnunum hafði verið bjargað sökk Jón Hákon og Mardís hélt til Bolungarvíkur þar sem mennirnir voru fluttir á sjúkrahús.

Málið er í rannsókn.